



Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

✉ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 23. september 2005
Tilvísun: UST20050900056/sf

Breyting á árlegu magni lífræns úrgangs til urðunar í landi Rima, Móafjarðarhreppi. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 12. september sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdalýsing

Um er að ræða aukningu á árlegu magni lífræns úrgangs til urðunar í landi Rima í Mjóafirði, þ.e. aukningu í 450 tonn í stað 200 tonna sem leyfilegt er að urða samkvæmt nágildandi starfsleyfi. Aukningin kemur til vegna óreglulegs massadauða frá fiskeldisstöð Sæsifurs í Mjóafirði, sem er breytilegur milli ára. Í eftirlitsskýrslu heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 16. apríl sl., sem er fylgiskjal með tilkynningu um framkvæmdina, kemur fram að vegna sjúkdóms sem kom upp í stöðinni í upphafi þessa árs hafi meira af laxi drerist en venjulega og af þeim sökum hafi verið urðuð yfir 240 tonn af laxi á svæðinu í janúar og febrúar, sem er meira en það magn sem leyfilegt er að urða skv. starfsleyfi. Í gr. 1.2 í starfsleyfi kemur fram að komi upp massadauði í fiskeldi í Mjóafjarðarhreppi sé einnig heimilt að urða lífrænan úrgang sem falli þannig til, en þá skuli í kjölfarið fara fram endurskoðun á starfsleyfinu, sbr. gr. 1.8. Mjóafjarðarhreppur hefur þegar óskað eftir endurskoðun starfsleyfisins.

Umsögn Umhverfisstofnunar

Samkvæmt skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá október 2002, *Urðunarstaður fyrir lífrænan úrgang í Mjóafirði*, er talið að svæðið í landi Rima sé tiltölulega öruggt og vel fallið til urðunar. Engin vatnsból eru í grennd við urðunarstaðinn og ekki er um að ræða náttúruverndarsvæði eða svæði sem telst vera viðkvæmt vegna lífríkis eða landslags. Á urðunarstaðnum er einungis urðaður lífrænn úrgangur. Í mengunarvarnaeftirliti starfsmanna Umhverfisstofnunar þann 12. maí sl. voru skoðaðar aðstæður við urðunarstaðinn og voru þær talðar fullnægjandi.

Umhverfisstofnun telur því ekki ástæðu til að ætla að umrædd aukning á því magni lífræns

úrgangs sem leyfilegt er að urða árlega muni auka mengunarhættu frá staðnum.

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að verið sé að skoða þann möguleika að setja fiskinn í meltu og flytja til Færeys og ef þær áætlanir gangi eftir muni ekki þurfa að urða nema hluta af framangreindu magni í landi Rima. Umhverfisstofnun telur rétt að benda á að samkvæmt landsáætlun um meðhöndlun úrgangs skulu sveitarfélög minnka lífrænan úrgang til urðunar í áföngum niður í 65% árið 2020 af því magni sem féll til árið 1995.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að aukning á árlegu magni lífræns úrgangs til urðunar í landi Rima í Mjóafirði í 450 tonn muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst,



Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri



Helgi Jónsson
forstöðmaður framkvæmda- og
eftirlitssviðs